

2010:3 • 5. mars 2010

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2009

Quarterly national accounts, 4th quarter 2009

Samantekt

Landsframleiðsla er talin hafa aukist um 3,3% að raungildi frá 3. ársfjórðungi 2009 til 4. ársfjórðungs 2009. Fjárfesting jókst um 16,6%, fyrst og fremst vegna kaupa á skipum og flugvélum. Einkaneysla jókst einnig um 1,4% en samneysla dróst saman um 1,1%. Á tímabilinu jukust þjóðarútgjöld um 2,7%. Útflutningur jókst um 3% en innflutningur um 1,5%. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxtinn milli ársfjórðunga, ekki ára. Samanburður við 4. ársfjórðung 2008, á landsframleiðslu án árstíðaleiðréttingar, sýnir samdrátt um 9,1% á milli tímabila. Það er skoðun Hagstofunnar að þær aðferðir sem hún beitir við árstíðaleiðréttingu ofmeti hagvöxtinn milli 3. og 4. ársfjórðungs 2009. Þetta ofmat hefur hins vegar ekki áhrif á mat á árlegum hagvexti milli 2008 og 2009. Sjá nánar umfjöllun um árstíðaleiðréttingu á bls. 5.

Landsframleiðslan 2009 er talin hafa dregist saman um 6,5% að raungildi samanborið við árið 2008.

Tafla 1. Yfirlitstafla

Table 1. Overview

	Verðlag ársins Millj. kr. Current prices Million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrrri ársfj., % ¹ Volume change from previous quarter, % ¹	
		1.-4. ársfj.		3. ársfj.	
		4. ársfj.		4. ársfj.	
		4 th quarter	4 th quarter	1 st -4 th quarter	3 rd quarter
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	206.634	-0,1	-14,6	1,1	1,4
Samneysla <i>Government final consumption</i>	99.223	-5,9	-3,0	-2,2	-1,1
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	59.625	-42,0	-49,9	-22,9	16,6
Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i>	-5.256	0,5
Þjóðarútgjöld alls Gross domestic final expenditure	360.227	-11,6	-20,1	-5,0	2,7
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	205.000	5,9	6,2	1,5	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-176.615	10,2	-24,0	10,3	1,5
Verg landsframleiðsla GDP	388.611	-9,1	-6,5	-7,2	3,3


¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



Mynd 1. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 1. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2009. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2008–2009. Change from the previous quarter.

Vöxtur í einkaneyslu

Einkaneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa vaxið um 1,4% frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2009. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst óárstíðaleiðrétt einkaneysla saman um 0,1%, umtalsvert minna en á milli 3. ársfjórðungs 2009 og 2008, en þá nam samdrátturinn 14,4%.

Verulegur vöxtur í fjárfestingu

Fjárfesting (árstíðaleiðrétt) jókst umtalsvert á 4. ársfjórðungi samanborið við tímabilið á undan og nemur hækkunin 16,6%. Þyngst vegur fjárfesting atvinnuveganna en hún jókst um 49,3%. Skýrist sú aukning að mestu leyti af kaupum á skipum og flugvélum. Bæði fjárfesting hins opinbera og fjárfesting í íbúðarhúsnæði drógust hins vegar saman, um 37,2% annars vegar og 9,4% hins vegar. Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 42% samdrátt fjárfestingar á 4. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið 2008.

Samdráttur í samneyslu. Þjódarútgjöld vaxa.

Samneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 1,1% frá 3. til 4. ársfjórðungs 2009. Aukning í einkaneyslu og fjárfestingu milli fjórðunga leiða til þess að þrátt fyrir samdrátt í samneyslu og nokkra lækkun birgða hækka þjódarútgjöld (árstíðaleiðrétt) nokkuð. Aukning þeirra er talin nema um 2,7% á 4. ársfjórðungi. Óárstíðaleiðréttar tölur sem bornar eru saman við samsvarandi tímabil á fyrra ári sýna 5,9% samdrátt samneyslunnar og samdrátt þjódarútgjalda upp á 11,6%.

Útflutningur og innflutningur aukast

Útflutningur (árstíðaleiðréttur) jókst um 3% milli 3. og 4. fjórðungs 2009. Mest munar þar um 9% aukningu í þjónustuútflutningi en vöruútflutningur stóð í stað að heita má, jókst um 0,2%. Innflutningur (árstíðaleiðréttur) jókst einnig nokkuð, eða um 1,5% frá fyrri ársfjórðungi. Þjónustuinflutningur dróst saman um 4,9% en vöruinnflutningur jókst um 5,1%. Samanborið við sama tímabil fyrra árs er um 10,2% aukningu að ræða í innflutningi og 5,9% aukningu útflutnings miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.


Ný gögn um þjónustuviðskipti við útlönd

Frá og með 1. ársfjórðungi 2009 eru tölur um þjónustuviðskipti við útlönd byggðar á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað. Í upphafi var að því stefnt að gagnasöfnunin, sem nú byggir á beinum fyrirspurnum til fyrirtækja, yrði um einhvern tíma framkvæmd samhliða gagnasöfnun Seðlabankans, sem að mestu byggði á upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti fyrirtækja sem fram fara í gegnum íslenska

banka. Breytingar á gjaldeyrismarkaði í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 leiddu til erfiðleika Seðlabankans við mat á þjónustuviðskiptunum og því var gripið til þess ráðs að Hagstofan tæki yfir gagnasöfnunina og birti niðurstöður um þjónustuviðskipti við útlönd fyrr en áður var áætlað. Að sinni er ekki hægt að leggja mat á samanburðarhæfni gagnanna fyrir árið 2009 við eldri tölur þar sem gagnasöfnun þessara tveggja aðila gat ekki farið fram samhliða, auk þess sem aðferðirnar eru að einhverju leyti frábrugðnar.

Mynd 2. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 2. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2009. Preliminary figures 2008–2009.

Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum

Áfram er afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd og eykst hann heldur, sé borið saman við 3. ársfjórðung. Afgangurinn, ásamt vexti þjóðarútgjalda sem vikið var að hér að ofan leiðir til 3,3% aukningar landsframleiðslunnar á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við fyrri ársfjórðung.

Mynd 3. Hlutdeild í hagvexti, prósentustig

Figure 3. Contributions to growth, % points




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2009. Breyting frá fyrra ársfjórðungi, árstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2008–2009. Change from previous quarter, seasonally adjusted.

Birgðabreytingar Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 4. ársfjórðungi hafa birgðir minnkað um tæpa 5,3 milljarða á verðlagi ársins. Birgðir sjávarafurða og rekstrarvöru til stóriðju lækka en á móti er nokkur aukning álbirgða. Aðrar birgðir virðast hafa nær staðið í stað.

Alþjóðlegur samanburður Samanburður við nokkur algeng viðskiptalönd okkar sýnir að í flestum tilfellum er lítilsháttar vöxtur milli ársfjórðunga. Þannig mælist til dæmis 1,4% vöxtur í Bandaríkjunum, 0,3% í Bretlandi og 0,2% í Danmörku. Svíar mæla enn nokkurn samdrátt, eða 0,6% milli fjórðunga og sýna nú, eftir endurskoðun fyrri ársfjórðunga, samdrátt alla fjórðunga ársins 2009, utan annars þar sem engin breyting mældist.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2009. Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2008–2009. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Samdráttur á árinu 2009 Landsframleiðslan árið 2009 er talin hafa numið 1.500 milljörðum króna borið saman við 1.477 milljarða árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga dróst landsframleiðslan hins vegar saman um 6,5% að raungildi.

Keðjutenging Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005 en í því felst að raunbreytingar þjóðhagsstærða eru reiknaðar á föstu verði næstliðins árs. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur eldri aðferðar er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirliði.

FISIM (reiknuð bankaþjónusta) Í þjóðhagsreikningum er þjónusta bankakerfisins (FISIM) metin á tiltölulega flókinn hátt. Þessum aðferðum er meðal annars lýst í Hagtíðindum um landsframleiðsluna frá því í mars 2006. Ekki eru enn tiltæk mikilvæg gögn um lánastofn innlána og útlána frá og með 4. ársfjórðungi 2008 og er því byggt á lauslegum áætlunum. Líklegt er að mat á bankaþjónustu geti tekið talsverðum breytingum þegar tölur um lánastofninn liggja fyrir.

Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Árstíðaleiðrétting Árstíðaleiðréttingar eru gerðar í samræmi við ráðleggingar vinnuhóps á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins. Árstíðaleiðrétting summuliða (eins og þjóðarútgjalda og landsframleiðslu) er gerð með því að tengja saman árstíðaleiðréttu undirliði en ekki með því að leiðréttu viðkomandi heildarniðurstöður. Birtar eru á vefnum árstíðaleiðréttar tölur fyrir alla undirliði landsframleiðslunnar.

Árstíðaleiðréttingin byggist á að greina reglubundnar sveiflur og leiðréttu tölur með tilliti til þeirra. Umfangsmiklar og óvæntar breytingar, til dæmis efnahagshrun, geta skekkt árstíðaleiðréttar niðurstöður. Það er skoðun Hagstofunnar að þær aðferðir sem hún beitir við árstíðaleiðréttingu ofmeti hagvöxtinn milli 3. og 4. ársfjórðungs 2009 og þar með vanmeti hann á milli annarra ársfjórðunga á árinu. Þetta ofmat hefur hins vegar ekki áhrif á mat á árlegum hagvexti milli 2008 og 2009. Hagstofan mun vinna að endurbótum á þeim aðferðum sem hún beitir við árstíðaleiðréttingu.

Tölur um 1. ársfjórðung 2010 verða birtar í júní 2010

Tölur um landsframleiðsluna á 1. ársfjórðungi 2010 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 8. júní 2010.

English summary

In real terms, seasonally adjusted GDP in the 4th quarter of 2009 increased by 3.3% from the previous quarter. While government final consumption decreased by 1.1%, gross fixed capital formation grew by 16.6%, mainly due to one-off investment in ships and aircraft. Household final consumption increased by 1.4%. Favourable changes to the trade balance added to the 2.7% growth in domestic expenditure. Exports rose by 3% and imports by 1.5% in the quarter. Non-seasonally adjusted figures indicate a GDP decline of 9.1% and 11.6% fall in domestic expenditure in the quarter, when compared with same time of the previous year.

Statistics Iceland is of the opinion that the methods currently used for seasonal adjustment are overestimating the growth rate between 3rd and 4th quarter of 2009. This does not affect the annual changes between 2008 and 2009.

For the entire year 2009, GDP decreased, in real terms, by 6.5%.

National accounts for the 1st quarter of 2010 will be published on the 8th of June 2010.

Tafla 2. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2005–2009*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. kr.								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2005	609.359	252.617	291.395	-862	1.152.509	325.510	-451.300	1.026.718
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	139.611	60.953	59.739	4.068	264.371	72.610	-95.460	241.521
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	155.707	63.073	68.428	-4.904	282.304	88.757	-116.062	254.999
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	152.341	64.403	82.377	2.093	301.214	88.494	-122.337	267.371
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	161.700	64.188	80.851	-2.119	304.620	75.648	-117.442	262.827
2006	679.918	285.371	397.631	13.498	1.376.418	376.781	-584.622	1.168.577
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	160.500	68.829	87.004	3.686	320.019	78.335	-124.039	274.315
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	175.492	71.325	96.252	792	343.861	103.429	-157.082	290.207
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	167.480	72.102	101.737	6.765	348.084	104.646	-151.612	301.118
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	176.446	73.114	112.638	2.255	364.454	90.372	-151.889	302.937
2007	751.598	316.828	373.048	6.626	1.448.101	453.349	-592.932	1.308.518
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	170.343	77.398	81.748	1.546	331.036	110.048	-133.969	307.114
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	190.712	79.308	97.128	1.100	368.248	107.207	-148.994	326.461
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	188.878	79.432	106.626	4.089	379.025	107.187	-147.863	338.349
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	201.666	80.690	87.545	-109	369.792	128.907	-162.105	336.594
2008¹	789.537	367.309	359.637	3.255	1.519.738	657.840	-699.931	1.477.647
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	197.516	84.304	80.853	798	363.471	113.742	-151.201	326.012
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	206.512	90.317	85.647	-6.749	375.728	175.407	-187.033	364.101
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	197.310	92.549	98.239	14.860	402.959	176.394	-197.732	381.621
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	188.199	100.138	94.897	-5.654	377.581	192.297	-163.965	405.913
2009¹	774.573	391.561	211.831	1.853	1.379.818	784.074	-663.731	1.500.162
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	181.645	96.706	39.734	11.505	329.590	167.135	-143.473	353.252
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	192.777	99.549	57.545	-132	349.739	183.964	-157.760	375.943
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	193.517	96.083	54.926	-4.264	340.263	227.976	-185.883	382.356
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	206.634	99.223	59.625	-5.256	360.227	205.000	-176.615	388.611

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009

Table 3. Annual GDP volume growth 2005–2009

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2005	12,7	3,5	35,7	0,0	15,7	7,5	29,3	7,5
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,7	24,8	0,4	11,3	1,8	24,1	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	15,2	3,6	26,3	-1,8	13,3	22,4	27,4	10,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	13,8	3,2	49,0	2,4	22,1	4,0	34,3	10,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	11,8	4,4	40,6	-1,0	15,8	2,8	30,4	5,6
2006	3,6	4,0	22,4	1,1	9,5	-4,6	10,4	4,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	11,1	4,2	41,5	-0,2	16,0	1,0	26,4	7,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,5	2,8	27,4	2,2	11,9	-6,3	12,5	5,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,1	4,2	8,2	1,0	3,9	-5,8	0,2	2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,2	4,7	18,8	1,4	7,0	-6,5	6,0	3,9
2007	5,6	4,1	-11,1	-0,6	-0,1	17,7	-0,7	6,0
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,4	2,1	-17,1	-0,9	-6,0	15,7	-8,7	2,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,7	9,6	-2,8	0,1	3,4	6,4	-0,8	6,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	9,5	0,5	2,4	-0,7	5,1	5,8	2,4	7,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	9,8	4,3	-25,6	-1,0	-2,9	46,6	4,1	7,8
2008²	-7,9	4,6	-21,0	-0,4	-8,8	7,1	-18,2	1,0
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	7,9	6,3	-7,1	-0,3	3,6	-0,4	-0,7	4,0
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	-4,9	1,1	-26,3	-1,9	-10,8	25,0	-10,2	0,7
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-10,2	5,4	-26,2	1,6	-10,1	18,3	-11,7	-0,2
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	-22,4	5,7	-21,6	-1,0	-16,8	-11,0	-46,6	-0,4
2009²	-14,6	-3,0	-49,9	0,1	-20,1	6,2	-24,0	-6,5
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-22,9	-0,5	-60,9	3,3	-24,0	18,7	-33,8	-3,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	-18,6	-0,8	-43,6	1,8	-19,0	-7,8	-34,8	-5,4
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-14,4	-4,5	-52,0	-4,8	-24,7	11,0	-25,2	-8,1
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	-0,1	-5,9	-42,0	0,5	-11,6	5,9	10,2	-9,1

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2005–2009, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2005							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,9	1,9	3,1	4,2	3,3	7,2	2,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,3	2,1	11,7	2,5	3,2	8,0	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	0,2	17,4	8,1	-2,2	6,7	5,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,3	3,1	0,2	-0,0	5,0	-2,2
2006							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	1,6	2,2	3,8	-4,9	4,1	1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,9	0,6	2,9	-0,5	-0,4	-3,3	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-2,2	2,1	0,7	0,8	0,5	-5,5	3,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	-0,1	12,7	2,9	2,5	10,6	-0,5
2007							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,7	-0,2	-27,1	-8,2	8,2	-9,5	-2,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,6	7,0	18,3	8,9	3,2	4,7	8,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	-5,0	4,5	2,3	-0,2	-2,6	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,7	2,1	-19,2	-6,0	17,1	13,7	-6,8
2008¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-1,2	2,9	-5,1	-0,8	-6,2	-15,2	4,3
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-6,2	0,6	-6,8	-6,4	2,2	-4,4	-4,2
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-3,7	0,6	-0,3	2,5	0,0	-3,0	3,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	-13,1	0,9	-11,3	-12,8	-2,1	-31,8	-1,6
2009¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-1,8	-2,0	-47,7	-8,3	5,8	5,0	-4,2
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-0,6	-0,9	22,8	-1,2	-0,1	-6,3	1,2
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	1,1	-2,2	-22,9	-5,0	1,5	10,3	-7,2
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,4	-1,1	16,6	2,7	3,0	1,5	3,3

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2005–2009

Table 5. Contributions to growth 2005–2009

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in Inventor¹ Birgða-</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, % % points contributions to growth in GDP from previous quarter							
2005							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	0,8	0,6	1,6	0,7	-3,1	2,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,1	0,5	3,0	-3,8	1,1	-3,5	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,1	0,0	4,9	3,0	-0,8	-3,2	5,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,1	1,0	-1,6	-0,0	-2,4	-2,2
2006							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,6	0,9	-0,8	2,2	-3,9	2,2	1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,6	0,1	0,9	-1,1	-0,1	1,6	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-1,3	0,5	0,2	1,5	0,2	2,6	3,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	-0,0	4,0	-1,2	0,7	-4,5	-0,5
2007							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,2	-0,1	-9,1	-0,1	6,0	1,1	-2,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,3	1,7	5,0	-0,1	1,2	-2,2	8,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	-1,2	1,4	1,2	-0,1	1,2	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,4	0,5	-5,8	-1,6	5,6	-5,9	-6,8
2008¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-1,3	1,0	-1,4	0,5	-3,8	9,4	4,3
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-3,5	0,1	-1,6	-1,7	0,8	1,8	-4,2
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-2,1	0,1	-0,1	4,5	0,0	1,2	3,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	-6,8	0,2	-2,5	-3,9	-0,8	12,2	-1,6
2009¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,0	-0,7	-8,6	4,2	10,3	-9,4	-4,2
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-0,3	-0,2	2,7	-3,3	-0,1	2,4	1,2
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	0,5	-0,6	-3,3	-1,0	0,7	-3,6	-7,2
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,7	-0,3	2,0	-0,0	1,6	-0,6	3,3

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðréttaðar tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009, árstíðaleiðréttTable 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2005	12,7	3,5	35,7	15,7	7,5	29,3	7,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,7	2,6	26,6	11,6	9,3	24,3	6,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	14,8	3,6	26,1	13,1	12,5	28,4	6,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,3	3,3	49,3	22,3	4,5	34,4	11,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	11,9	4,5	39,5	15,7	4,2	29,6	5,9
2006	3,6	4,0	22,4	9,5	-4,6	10,4	4,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	10,9	4,3	38,3	15,2	-4,0	25,9	4,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,3	2,7	27,4	11,9	-7,3	12,8	5,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	4,7	9,2	4,3	-4,7	-0,1	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,3	4,3	19,3	7,2	-2,3	5,3	5,4
2007	5,6	4,1	-11,1	-0,1	17,7	-0,7	6,0
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,4	2,5	-14,8	-5,2	11,0	-8,5	1,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,1	9,0	-2,1	3,7	15,0	-1,0	9,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	9,7	1,4	1,6	5,2	14,1	2,0	9,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	9,5	3,6	-27,1	-3,9	30,4	4,9	2,7
2008¹	-7,9	4,6	-21,0	-8,8	7,1	-18,2	1,0
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	7,3	6,8	-5,3	3,9	13,1	-1,7	9,6
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-4,7	0,4	-25,4	-10,8	11,9	-10,2	-3,5
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-10,2	6,3	-28,8	-10,6	12,2	-10,6	-3,4
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	-22,5	5,0	-21,8	-17,1	-6,2	-46,4	2,0
2009¹	-14,6	-3,0	-49,9	-20,1	6,2	-24,0	-6,5
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-23,0	-0,0	-56,9	-23,3	5,8	-33,6	-6,3
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-18,3	-1,5	-43,2	-19,1	3,5	-34,9	-1,0
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-14,2	-4,2	-56,0	-25,0	5,0	-26,0	-11,4
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,1	-6,1	-42,2	-11,7	10,5	10,2	-7,0

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series ***National accounts***

95. árg. • 15. tbl. 2010:3

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen • Stefan.Jansen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series